

54

16. marz

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Luxembourg um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 1. marz 1951 var með erindum sendiherra Íslands og sendiherra Luxembourg í París gert samkomulag milli Íslands og Luxembourg um afnám vegabréfsáritana.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 15. marz 1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

55

21. marz

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, hefur tekið sér hvíld frá störfum um stundarsakir og mun dvelja erlendis nokkrar vikur. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 21. marz 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

56

21. marz

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Írlands.

Hinn 2. desember 1950 skiptust sendiherra Íslands í París fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og utanríkisráðherra Írlands fyrir hönd ríkisstjórnar Írlands á erindum um viðskipti milli Íslands og Írlands.

Erindaskipti þessi fóru fram í aðalskrifstofum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu í París.

Erindin höfðu verið undirrituð til bráðabirgða í Dublin 13. september 1950. Samningur sá, sem í þeim felst, fer hér á eftir:

(1) Í anda Sáttmálans um efnahagssamvinnu Evrópu óska ríkisstjórnir Írlands og Íslands að auka skipti á vörum og þjónustu milli þessara landa og einkum að stuðla að skiptum á afurðum, er verulega þýðingu hafa fyrir þjóðarbúskap hvors landsins um sig.

(2) Ríkisstjórn Írlands fellst á að veita innflutningi á íslenskum afurðum alla sanngjarna fyrirgreiðslu og mun sérstaklega taka til velviljaðrar athugunar umsóknir um leyfi til innflutnings á vörum, er ríkisstjórn Íslands telur þýðingarmikið að geta flutt út.

(3) Ríkisstjórn Íslands fellst á að veita innflutningi á írskum afurðum alla 56 sanngjarna fyrirgreiðslu og mun sérstaklega taka til velviljaðrar athugunar um- 21. marz sóknir um leyfi til innflutnings á vörum, er ríkisstjórn Írlands telur þýðingarmikið að geta flutt út.

(4) Til þess að auðvelda framkvæmd samnings þessa hafa ríkisstjórnir beggja landanna skipzt á upplýsingum varðandi þær afurðir, sem átt er við í 2. og 3. tölulið og munu skýra hvor annarri frá þeim vörutegundum, er þær kunna að óska að löndin skiptist á til viðbótar.

(5) Í sambandi við ráðstafanir til aukningar verzlunarfrelsis innan ramma Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu heitir hvor ríkisstjórnin um sig að veita afurðum frá hinu landinu eigi lakari meðferð en veitt er afurðum frá hverju öðru þáttökuriki í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

(6) Kaupskip hvors landsins um sig skulu vera jafnrétthá varðandi flutninga á vörum milli landanna.

(7) Samkomulag er um, að hvor ríkisstjórnin um sig geti hvenær sem er óskað eftir viðræðum við hina ríkisstjórnina um þau sjónarmið og þær reglur, sem að framan er lýst og skulu gilda um viðskipti milli Írlands og Íslands unz önnur hvor ríkisstjórnin lætur í ljós ósk um að gera á þeim breytingar.

Ríkisstjórnir Íslands og Írlands hafa skipzt á upplýsingum varðandi þær afurðir, er þær telja þýðingarmikið að geta flutt út, og eru listar yfir þær afurðir birtir með auglýsingu þessari sem fylgiskjal.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, 21. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.

Listi yfir nokkrar íslenzkar afurðir til útflutnings.

Fiskur, saltaður eða þurrkaður,	fiskimjöl,
ísaður fiskur,	sildarlýsi,
frystur fiskur,	hvallýsi,
niðursoðinn fiskur,	saltaðar gærur,
fiskiólur (meðalalýsi og fóðurlýsi),	sútaðar gærur,
hrogn, sóltuð, ísuð eða niðursoðin,	refaskinn,
fiskroð,	minkaskinn,
saltsild,	selskinn,
ísuð sild,	húðir, kýrhúðir, kálskinn, hrosshúðir
reykt sild,	o. s. frv., saltaðar.
sildarmjöl,	

Listi yfir írskar afurðir til útflutnings til Íslands, er írska ríkisstjórnin telur hafa sérstaka þýðingu.

Ávaxtamauk, „marmelaði“, sósur, þunnar og þykkar,	sandpappír og smergelléreft,
súrsað grænmeti,	hattar,
búðingsduft, annað ábætisduft o. s. frv.,	álnavara úr ull,
kaðlar, fiskilínur og netjagarn,	ullarvoðir,
	gólfábreiður og mottur,

56 filt-dúkur,
21. marz prjónles (hand- og vélprjónað),
bómullargarn og þráður,
lérefts- og bómullartau til heimilishalds,
skyrtur og flibbar,
hanzkar,
teygjur og bönd,
tilbúinn fatnaður,
regnfatnaður,
hitaflokskur,
rakvélablöð,
ýmsar vörur úr pressuðu stáli,
olíukyndingartæki,
landbúnaðarvélar,
garðyrkjuverkfæri,
raftæki,

húsgögn (úr tré og málm),
email-vörur,
gips,
þilplötur,
sápur, fægiefni o. s. frv.,
sótthreinsunarefni, skordýraeitur, dýra-
lyf, útsæðisblöndur, illgresiseitur,
burstavörur (hreinlætis-, fata- o. s. frv.),
vegg- og loftfóður,
lyf (lifrar-, malt-extrakt o. s. frv.),
smjör,
kartöflur,
niðursoðin mjólk,
mjólkurduft.

September 1950.

57

21. marz

AUGLÝSING

um vöruskiptasamkomulag við Sviss.

Með orðsendingum milli utanríkisráðuneytis Íslands og viðskiptadeildar atvinnuáráðuneytis Svisslands, dags. 2. febrúar og 10. febrúar 1951, var fram-
lengt til 30. apríl 1951 vöruskiptasamkomulag það milli Íslands og Sviss, er gert
var í ágúst 1948, sbr. Stj.tíð. A. 33/1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

58

9. apríl

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að gefa ríkis-
stjórninni með bráðabirgðalögum heimild til þess að kaupa innanlands einn
togara, til viðbótar þeim tíu togurum, sem ríkisstjórninni hefur verið heim-
ilað að láta smíða í Bretlandi. Þar eð neyðarástand hefur skapast á Siglufirði
vegna langvarandi atvinnuleysis, taldi ríkisstjórnin óumflýjanlegt að ráð-
stafa þangað einum togara í samræmi við heimild í XVII. lið 22. gr. fjár-
laga fyrir árið 1951, en þar sem ráðstafað hafði verið öllum nýju togurum,
var ekki um annað að ræða en kaupa einn togara innanlands.